

# Fyrirsögn veggspjalds

Til þess að búa til textaglugga þarf að velja „Form“ hér að ofan, hægra megin við miðju. Þar undir er hægt að finna textaglugga (ferningur með A inni í). Þið notið svo músina til þess að draga út kassa sem hægt er að skrifa í.

Hægt er að búa til ramma utan um textagluggann ef ykkur finnst það fallegra eða skýrara. Það gerið þið með því að velja flýti-hnappinn „Flýstílsnið“, sem er líka hægra megin við miðju hér að ofan (mynd af blaði og pensli).

Hægt er að útbúa marga mismunandi textaglugga og púsla þeim saman að vild.

Hægt er að snúa glærunni þannig að hún sé lóðrétt (skammsnið) en ekki lárétt (langsnið) eins og þessi. Það er gert með því að velja flipann „Hönnun“ hér að ofan og fara í „Skyggustærð“, velja „Sérniðin skyggustærð“ og breyta langsniði í skammsnið.

Þegar þið búið til textaglugga getið þið svo ráðið því hver lögun hans er, eins og sjá má á þessari síðu. Þið getið verið með fáa breiða eða marga mjóa, eða blanda þessu saman.



Mynd 1: Broskarl

Ef þið veljið málningarfötuna getið þið valið mismunandi liti á textagluggann ykkar. Ef þið viljið hins vegar hafa litaðan bakgrunn á öllu veggspjaldinu þurfið þið að fara í flipann „Hönnun“ ofarlega á síðunni.

Það er líka hægt að velja aðra lögun en ferhyrning.